



Skemmti- og smábátatrygging

Skilmáli nr. MM10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. MM10.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Skemmti- og smábátatrygging hentar eigendum smærri báta hvort sem bátur er notaður í atvinnuskyni eða í frítíma. Hún er samsett úr tveimur tryggingum. Húftryggingu sem bætir tiltekin tjón sem verða á bátum og ábyrgðartryggingu sem bætir tjón þriðja aðila.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til þess báts sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun og fylgifyr hans.
- 1.2 Til fylgifyr bátsins teljast vélar bátsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, öxlar, gírar, vindur, rafkerfi, fiskleitartæki, fjarskiptatæki, siglingatæki og annar sambærilegur búnaður sem telst nauðsynlegur á hverjum tíma, auk björgunarbúnaðar, flotgalla og varahluta, enda séu þessir munir um borð í bátnum.
- 1.3 Tryggingin tekur ekki til vista, farangurs, hugbúnaðar, fiskikassa, fiskikara, umbúða, pakkninga, afla og veiðarfæra, þ.á m. nema og senda sem festir eru við veiðarfæri, belgja, bauja og bólfæra.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi bátsins er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir innan fiskveiðilandhelgi Íslands.
- 3.2 Þó gildir tryggingin ef nauðsynlegt er að fara úr fyrir hin landfræðilegu mörk vegna bótaskylds tjónsáburðar eða til að koma í veg fyrir tjón á mönnum eða munum. Bátnum skal ætíð siglt að nýju inn fyrir mörkin um leið og atvik eru ekki lengur fyrir hendi sem gerðu för þess út fyrir þau nauðsynleg.

4. Varúðarreglur

- 4.1 Báturinn skal vera smíðaður, útbúinn og haldið við í samræmi við notkun hans. Jafnframt skal tryggður, eða aðilar sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi bátsins.
- 4.2 Bátnum og vélum hans skal einungis stjórnað af aðilum sem hafa til þess fullgild réttindi eins og lög og reglur áskilja.
- 4.3 Ganga skal tryggilega frá festum báts.
- 4.4 Þegar bátur er mannlús skal honum vera læst, lykklar geymdir á öruggum stað og reglulegt eftirlit haft með bátnum.
- 4.5 Þegar báturinn er tekinn upp á land í sátur eða hann er í höfn eða lægi til lengri tíma skal taka lausan búnað úr bátnum, eins og siglingatæki, fjarskiptatæki, handfærarúllur og annan lausan búnað.
- 4.6 Tryggður skal sjá til þess að bátnum sé haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Báturinn skal vera haffær þegar hann lætur úr höfn, útbúinn og mannaður með fullnægjandi hætti, tryggilega hlaðinn og nauðsynleg skipsskjöl skulu vera um borð.
- 4.7 Stjórnendur báts og starfsfólk skulu vera í andlegu og líkamlegu ástandi til að geta stjórnað bátnum örugglega og ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna né

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.



annarra örvandi eða deyfandi efna við notkun bátsins.

5. Breyting á áhættu

5.1 Allar breytingar á gerð tryggðs báts og notkun, sem haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni, skal tilkynna VÍS tafarlaust. Láti tryggður það hjá líða getur það haft í för með sér lækkun bóta.¹

6. Verð

6.1 Verð tryggingarinnar er reiknað út frá notkun, gerð og verðmæti tryggðs báts.

7. Eigendaskipti

7.1 Ef eigendaskipti verða að bátnum eða hann er settur undir aðra útgerðarstjórn fellur tryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða skipti á útgerðarstjórn hafa átt sér stað. VÍS er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef tjónsatburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum eða skiptum á útgerðarstjórn, ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið tryggingu.

II. Húftrygging

8. Hvað bætir tryggingin?

8.1 Tryggingin bætir:

8.1.1 Altjón á tryggðum báti þegar:

- a) Bátur ferst, er dæmdur óbætandi² eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga honum eða gera við hann.
- b) Bátur verður fyrir svo miklum skemmdum að kostnaður við að bjarga honum og gera við hann er hærri en tryggingarfjárhæðin.
- c) Bátur hefur ekki komið fram þremur mánuðum eftir að síðast spurðist til hans eða áhöfnin hefur yfirgefið bátinn og hann ekki komið undir umráð tryggðs innan þriggja mánaða frá því að hann var yfirgefinn, en við það tímamark sem hér greinir telst tjónsatburður samkvæmt ákvæði þessu einnig hafa orðið.
- d) Báturinn er hernuminn eða kyrrsettur af erlendu ríki og ekki látinn laus innan 12 mánaða. Þetta á ekki við um tjón sem hlýst af því að bátur er gerður upptækur í refsímáli, kyrrsettur eða seldur að kröfu skuldheimtumanna.

8.1.2 Hlutatjón á tryggðum báti vegna:

- a) Eldsvoða, eldingar eða sprengingar.
- b) Strands.
- c) Ásiglingar á annan fastan eða fljótandi hlut, þ.m.t. mannvirki, grunn, rekald eða ís.
- d) Árekstrar við annað fljótandi far, enda sé a.m.k. annað farið undir siglingastjórn.
- e) Óveður. Með óveðri er átt við að vindhraði nái 28,5 metrum á sekúndu. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.
- f) Brotsjós ef ólag ríður yfir bátinn með þeim afleiðingum að báturinn eða hlutar hans brotna.
- g) Innbrots, þjófnaðar eða skemmdarverka.
- h) Skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar við sjósetningu eða upptöku, svo og í flutningi að og frá geymslustað innan sama lögsagnarumdæmis.
- i) Jarðskjálfta, eldgosa, aurskriða og snjóflóða.

8.1.3 Kostnað við björgun samkvæmt ákvæðum siglingalaga, svo og eðlilegan kostnað við ráðstafanir til að varna tjóni. Eigin áhætta skal vera 25% af kostnaði við hjálpinu, þó aldrei hærri en eigin áhættan sem fram kemur í skírteini.

9. Hvað bætir tryggingin ekki?

9.1 Tryggingin bætir ekki:

- 9.1.1 Skemmdir á þeim hlutum bátsins sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á.
- 9.1.2 Tjón sem stafar af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða

¹ Sbr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

² Sbr. 2. gr. siglingalaga nr. 34/1985.



- sambærilegum orsökum.
- 9.1.3 Tjón sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga sem gera þarf á bátnum vegna hönnunargalla.
 - 9.1.4 Tjón sem stafar af samslætti við báta, skip eða hafnarmannvirki.
 - 9.1.5 Kostnað sem fylgir bótaskyldri tjónsviðgerð sem eigandi/útgerðarmaður hefði orðið að greiða óháð bótaskyldu tjóni vegna útgerðar skipsins, viðhalds og/eða viðgerðar.
 - 9.1.6 Kostnað vegna yfir- og helgidagavinnu.
 - 9.1.7 Kostnað við að hreinsa og mála botn báts.
 - 9.1.8 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf. Sama á við um starfsmannakostnað, hafnargjöld og eldsneytisnotkun meðan á viðgerð stendur.
 - 9.1.9 Sektir og önnur refsiviðurlög.

10. Bátar sama eiganda

- 10.1 Nú rekst tryggður bátur á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er VÍS þá greiðsluskilytt samkvæmt skilmálum þessum þótt það skip sé eign tryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 10.2 Þegar svo stendur á skulu tryggður og VÍS fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann skal þess óskað að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur tilnefni hann. Niðurstaða gerðarmanns er bindandi og verður henni ekki skotið til dómstóla.

11. Háttsemi annarra

- 11.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinum tryggða báti.
- 11.2 Í atvinnurekstri er VÍS heimilt að bera fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs lögaðila og stjórnenda hins tryggða báts.

12. Ákvörðun bóta

- 12.1 Fjárhæð bóta vegna altjóns ræðst af verðmæti skipsins á tjónsdegi.
- 12.2 Bætur fyrir tjón að hluta:
 - 12.2.1 Skemmdir á bátnum bætir VÍS með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað sem fallið hefur á tryggðan, sbr. þó gr. 12.2.2.
 - 12.2.2 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum og vélbúnaði bátsins skal aldrei greiða hærrí bætur en nemur frumverði hlutarins að frádreginni fyrningu miðað við aldur hans. Fyrningin er 6% fyrir hvert ár í allt að 12 ár fyrir vélar og rafeindataeki.
 - 12.2.3 Tjón á boli báts úr trefjaplasi eða plastefnum er bætt samkvæmt viðurkenndum aðferðum til viðgerðar. Það telst fullnaðarviðgerð þó um útlitsgalla sé að ræða.
 - 12.2.4 Fari fram bráðabirgðaviðgerð á bótaskyldu tjóni bætir VÍS kostnað vegna þeirrar viðgerðar að því marki sem hún kemur að notum við fullnaðarviðgerð.
- 12.3 Bætur fyrir skemmdir eða missi bátsins skulu við hvern einstakan tjónsatburð ekki vera hærrí en tryggingarfjárhæðin.
- 12.4 Ef bátur ferst eru ekki greiddar bætur fyrir óviðgerðar skemmdir á honum.
- 12.5 Nú er gert við bátinn þó að skilyrði gr. 8.1.1 séu fyrir hendi og takmarkast þá greiðsluskilylda VÍS við tryggingarfjárhæðina að frádregnu verðmæti bátsins eftir tjónsatburð.
- 12.6 Greiddar eru hæfilegar bætur umfram tryggingarfjárhæð vegna kostnaðar tryggðs við að varna tjóni eftir að tjónsatburður hefur gerst.³

13. Viðgerð á skemmdum

- 13.1 Tryggður skal gefa VÍS kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 13.2 Tryggður skal sjálfur annast viðgerð á skemmdum á bátnum nema VÍS fari fram á annað. Tryggður skal hafa fullt samráð við VÍS um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum sem tryggingin bætir. Geri hann það ekki er VÍS óskilytt að greiða kostnaðarauka sem af því kann að leiða.
- 13.3 Að jafnaði skal viðgerð fara fram innan árs frá tjónsatburði og er VÍS ekki skylt að greiða kostnaðarauka ef dráttur verður lengri. Sama gildir ef efnislegt tjón eykst við það að viðgerð dregst lengur en eitt ár.

³ Sbr. 38. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



14. Réttur VÍS til tjónamuna

- 14.1 Þegar greiddar hafa verið bætur fyrir altjón eða einstaka hluti öðlast VÍS rétt tryggðs til þess sem enn kann að vera til af hlutum sem bættur hefur verið. VÍS á rétt á því að fá afhent öll skjöl og sönnunargögn sem varða muni þessa frá tryggðum.

III. Ábyrgðartrygging

15. Tryggingarfjárhæð

- 15.1 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt þessum kafla vegna eins tjónsatburðar er það hámark sem kveðið er á um í 1.-3. mgr. 177. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

16. Hvað bætir tryggingin?

- 16.1 Tryggingin bætir tjón sem tryggður bátur veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun hans, enda sé um að ræða beint líkams- eða munatjón sem tryggður veldur með saknæmum og ólögætum hætti.
- 16.2 Tryggingin bætir kostnað við að fjarlægja flak báts þriðja aðila.

17. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 17.1 Tryggingin bætir ekki:
- 17.1.1 Skaðabótakröfu frá starfsfólki eiganda eða útgerðarmanns hins tryggða báts, né skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars sem báturinn flytur.
 - 17.1.2 Tjón þriðja aðila vegna ábyrgðar tryggðs á skemmdum munum eða glataðra muna sem tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
 - 17.1.3 Sektir og önnur refsiviðurlög.
 - 17.1.4 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf.

18. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 18.1 Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. þó 15. gr. skilmála þessara.

19. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 19.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi, sbr. þó 15. gr. skilmála þessara.
- 19.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnaðinn.
- 19.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 19.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 19.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

20. Staða tjónþola við tjón

- 20.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 20.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 20.3 Nú tilkynnir tjónþoli að hann hyggist höfða mál á hendur VÍS og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 20.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

21. Meðferð bótakrafna

- 21.1 Tryggða ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.
- 21.2 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 21.3 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast



málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.